

Nd.

## 152. Nefndarátt

um frumvarp til laga um aukatekjur landssjóðs.

Eins og sést af breytingum þeim, er vér leggjum til að gerðar séu á frv., stefna þær yfirleitt að því, að hækka, og það eigi alllitið, ýms þau gjöld, er frumvarpið ræðir um. Vér hikum eigi við að ráða háv. deild til að samþ. þessar tillögur vorar, og leyfum oss um leið að vekja athygli á því, að þegar titið er til þess, hversu peningaverð hefir breyzt frá því, sem það var á fyrri hluta síðustu aldar, þá eru flest þessi gjöld, þótt tillögur vorar verði samþykta- ar, í raun og veru miklum mun lægri en þau voru á þeim tíma.

Nýmæli er það hjá oss, er vér leggjum til, að ýms gjöld hækki að sama skapi, sem sú fjárhæð var, sem þau eru miðuð við, en ekki, eins og venja hefir verðið, hækki að eins að vissu, oft tiltölulega lágu, hámarki. Verði þær tillögur vorar samþykta, mun það gefa ekki alveg óverulegan tekjuauka.

Með tilliti til þess, hve mjög vér ætlumst til að ýms gjöld séu hækkuð, leggjum vér það til, að feld sé burt 70. gr. frumvarpsins, bráðabirgða- fyrirsmælið, um að hækka um 50% gjöld þau, sem nefnd eru í 3. kap. frv., að undanskildum gjöldum fyrir afnám og aflýsing.

Við framsögu málsins mun verða gerð nánari grein fyrir breytingar-  
tillögum þessum, sem og öðrum breytingartillögum, er vér komum fram með.

Neðri deild, 9. marz 1911.

Ólafur Briem,  
form. og framsögum.

Jón Jónsson, þm. S.-M.  
skrifari

Benedikt Sveinsson

Jón Sigurðsson.

H. Hafstein.

Sigurður Gunnarsson,

Magnús Blöndahl.

### BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um aukatekjur landsjóðs.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna: »i dæmum þeim«, komi: fyrir gerðir þær.
2. — - — Síðasta málsgrein orðist svo:  
Fyrir frest í dómsmáli skal gjalda 1 krónu.
3. — 5. gr. Greinin orðist svo:  
Fyrir vitnaleiðslu skal gjalda 1 krónu fyrir hvert vitni. Sama gjald skal greiða fyrir gagnspurningar. Fyrir eidfesting vitnis skal gjalda 1 krónu.
4. — 7. — 7. gr. verði 8. gr. og 8. gr. 7. gr.
5. — 9. — Síðari málsgrein byrji svo:  
Í öðrum einkalögreglumálum skal o. s. frv.
6. — 10. gr. Aftan við greinina bætist: fyrstu málsgrein.
7. — 14. gr. Síðari hluti greinarinnar, eftir orðin: »eins og hér segir«, hljóði svo:  
Þegar fjárhæðin er 50 kr., eða minni, 1 kr.  
— — — — frá 50 — til 100 kr. 2 —  
— — — — — 100 — — 200 — 3 —  
— — — — — 200 — — 400 — 4 —  
— — — — — 400 — — 600 — 5 —  
— — — — — 600 — — 800 — 6 —  
— — — — — 800 — — 1000 — 7 —  
og síðan ein króna í viðbót fyrir hvert heilt þúsund af þeirri fjárhæð, sem fram yfir er.
8. — 19. — Fyrir: »eða húsi«, komi: eða úr húsi.
9. — 24. — Orðin: »þegar fjárhæðin er frá 1000 til 2000 kr.« o. s. frv. til enda málsgreinarinnar falli burt og í stað þess komi:  
og sé fjárhæðin meiri, skal gjalda 1 kr. í viðbót fyrir hvert heilt þúsund, sem fram yfir er.
10. — 24. — Orðið: »einnig« í 2. línu 2. málsgreinar falli burtu.
11. — 24. — Eftir: »minna en 1 kr.« komi: og eigi meira en 6 kr.
12. — 28. — Fyrir: »1 kr.«, komi: 2 kr.

13. Við 33. — Fyrir: »til skiftaloka«, komi: til fullnaðarskipta.
14. — 35. — Fyrir: »4« komi: 5.
15. — 36. — Fyrir:  $2^0/0$ ,  $1^{1/2}0/0$ ,  $1^0/0$ ,  $1/2^0/0$ , komi:  $2^{1/2}0/0$ ,  $2^0/0$ ,  $1^{1/2}0/0$ ,  $1^0/0$ .
19. — 37. — Fyrir:  $3^0/0$ ,  $2^0/0$ ,  $1^0/0$ ,  $1/2^0/0$  komi:  $4^0/0$ ,  $3^0/0$ ,  $2^0/0$ ,  $1^0/0$ .
17. — 39. — Fyrir: »4 kr.« komi: 5 kr.
18. — 43. — Fyrir: »4 kr.« komi: 5 kr.
19. — 44. — Fyrir: »4 kr.« komi: 5 kr.
20. — 46. — Fyrir: »Þegar vixillinn nemur — — 6 kr.«, komi:  
 Þegar vixillinn nemur 500 kr. eða minni fjárhæð 2 kr,  
 — — — meira en 500 kr. alt að 1000 kr. 3 kr.  
 og svo einni krónu hærra fyrir hvert þúsund, upp í 10000  
 kr. og er þá gjaldið 12 kr., enda hækkar ekki úr því
21. — 48. — Greinin orðist svo:  
 Fyrir að bera eftirrit saman við frumritið og staðfesta það  
 skal gjalda 50 aura fyrir hverja örku eða minna, sem eftirritið  
 nemur, þegar það er ritað, eins og að lögum á að vera.
22. — 52. — Fyrir »50 aura« komi: 1 króna.
23. — 53. — Greinin orðist svo:  
 Fyrir skipstjórnaskirteini skal gjalda 10 kr.
24. — 54. — Fyrir »4 krónur« komi: 5 krókur.
25. — 55. — Orðin í 2. línu: »heilbigðisvottorð og önnur«, falli burt.
26. — 66. — Greinin falli burt.
27. — 68. — Orðin: »er löguð sé eins og fyrirmyndin í reglugerð 25. maí  
 1872, 2. gr.« falli burt.
28. — 70. — Greinin með fyrirsögn falli burt.